

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 28. október 2008

Gjaldeyrismál

Nókrir hnökror eru enn á viðskiptum með gjaldeyri. Aðgengi að gjaldeyri er enn takmarkað í samræmi við [tímabundna temprun Seðlabanka Íslands á gjaldeyrisútlæði](#). Viðskiptabankarnir þrír hafa í einhverjum mæli getað sinnt greiðslumiðlun á milli landa um hjáleið í gegnum Seðlabankann en miðlunin er óreiðanleg og algengt að greiðslur stöðvist í ferlinu. Sparisjóðabankinn hefur getað sinnt greiðslumiðlun án aðstoðar Seðlabankans.

Í dag bárust fréttir af því að viðskipti hefðu verið með íslenskar krónur á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans. Í þeim viðskiptum er gengið sagt hafa verið 240 krónur á evru. Þó þetta gengið sé langt undir skráðu viðmiðunargengi Seðlabankans, sem er 152 krónur á evru, eru þetta engu að síður jákvæð tíðindi. Þetta bendir til þess að vaxtahækkun Seðlabankans sé jafnvel þegar byrjuð að skila tilætluðum árangri, sem er m.a. að auka tiltrú alþjóðlegra aðila á íslensku krónunni.

Að undanfögnu hefur borið á því að erlend greiðslutryggingarfélag hafi ekki viljað tryggja greiðslur Íslenskra innflytjenda til erlendra birgja. Stjórnvöld vinna nú að því að útskýra stöðu gjaldeyrisviðskipta á Íslandi fyrir tryggingarfélagunum og standa vonir til að það liði fyrir þjónustu þeirra gagnvart íslenskum aðilum.

Stýrivaxtahækkun

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 600 punkta í dag og eru þeir nú 18%. Vextir bankans hafa ekki verið hærrí síðan verðbólgu markmið var tekið upp árið 2001. Vaxtahækkunin er að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er markmið hennar fyrst og fremst að styðja við gengi íslensku krónunnar. Verðbólga á Íslandi er í hæstu gildum sem sést hafa í um tuttugu ár og ljóst að gengisveiking síðustu vikna setur enn frekari þrýsting í átt til meiri verðbólgu. Hærrí vextir og aðkoma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður þó vonandi til þess draga úr þrýstingi til frekari gengisveikingar. Engu að síður er ljóst að 18% stýrivextir koma harkalega niður á íslenskum almenningi og fyrirtækjum og því afar brýnt að vextir verði lækkaðir aftur um leið og aðstæður leyfa.

Eins og Viðskiptaráð hefur áður bent á er ekki um eftirspurnarspennu að ræða í hagkerfinu og því má ætla að vaxtahækkun Seðlabankans sé liður í að koma jafnvægi á gjaldeyrismarkaðinn. Í ljósi þess má búast við að hún verði til frekar skamms tíma og er gert ráð fyrir örri lækkun vaxta þegar hagkerfið endurheimtir trúverðugleika. Í þeirri viðleitni þarf að skoða allar leiðir með opnum hug. Mikilvægt er að

Þegar eigi sér stað endurskoðun á peningamálastefnunni, sem boðuð var á ársfundi Seðlabanka í mars síðastliðnum, og nauðsynlegt í því sambandi að sem fyrst náist niðurstaða um stefnu í Evrópumálum sem þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, kallar eftir í Morgunblaðinu í dag.

Tilkynningu Seðlabankans má lesa [hér](#).